

Nd.

50. Frumvarp til laga

um heimild fyrir Sláturfélag Skagfirðinga til að innkalla stofnbréf sín.

Flm.: Jón Sigurðsson, Sigurður Þórðarson.

1. gr.

Sláturfélagi Skagfirðinga veitist heimild til að innkalla stofnbréf þau, er út hafa verið gefin til félagsmanna, gegn því að afhenda félagsmönnum samtímis og bréf-um er skilað stofnfjábækur fyrir innstæðu þeirra í stofnsjóði.

2. gr.

Auglýsing um innköllunina skal birta í Lögbirtingablaðinu á venjulegan hátt að minnsta kosti með þriggja mánaða fyrirvara. Einnig skal auglýsa innköllunina í þeim vikublöðum eða dagblöðum, sem ætla má, að hafi verulega útbreiðslu á félags-svæðinu. Í auglýsingu skal skýrt kveðið á um eindaga afhendingar og það jafnframt tekið fram, að þau bréf, sem ekki hafa verið afhent á eindaga, skuli ógild vera og réttlaus.

3. gr.

Að innköllunarfresti liðnum skal sláturfélagið færa inn í viðskiptabækurnar stofnfjäreign félagsmanna án tillits til þess, hvort bréfin hafa verið afhent eða eigi, enda fellur niður skylda félagsins til að innleysa bréfin, þótt þau komi síðar fram.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk Sláturfélags Skagfirðinga. Reynslan hefur sýnt, að allmikil brögð eru að því, að bréf þau, sem gefin eru út fyrir eign manna í stofnsjóði félagsins, glatast. Til þess að eigendur slíkra bréfa missi ekki stofnfjäreign sína í félaginu, verður að ógilda þau bréf með dómi, en það er ærið kostnaðarsamt.

Félagið hefur því ákveðið að breyta til um þetta þannig, að í stað þess að gefa út bréf fyrir stofnfjäreigninni, verði eign félagsmanna í stofnsjóði færð inn í bækur, en bréfin kölluð inn með ákveðnum fyrirvara. Til þess að létta mönnum kostnað er farið fram á lagaheimild til þess að ógilda í einu lagi þau bréf, sem koma þá ekki í leitirnar með þeim hætti, er frv. greinir.

Frv. er sniðið eftir lögum um heimild fyrir Sláturfélag Suðurlands til að innkalla stofnbréf sín.